

Ár 1986, mánudaginn 30. júní, var í málinu nr. 5/1985 kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R :

Í máli þessu er ágreiningur milli Reykjavíkurborgar og eiganda fasteignarinnar nr. 119 við Hringbraut, Steintaks h/f, hvort svara beri fasteignaskatti af nefndri húseign, álögðum 1985, á grundvelli b-liðar 3. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga eða a-liðar sömu greinar.

Fram á árið 1984 var umrædd húseign nýtt í þarfir iðnaðar og skattlögð samkvæmt því á grundvelli b-liðar 3. gr. laga nr. 73/1980. Steintak h/f keypti húseignina 1. maí 1984 og hóf á sama ári að breyta henni í íbúðarhúsnæði. Telur félagið, að fasteignaskatt ársins 1985 beri að greiða samkvæmt a-lið 3. gr. nefndra laga. Reykjavíkurborg telur hins vegar, að fasteignaskatt ársins 1985 beri að greiða á grundvelli b-liðar 3. gr. laganna, þar sem breytingum hafi ekki verið lokið það ár.


Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, var nýtingu ofangreindrar húseignar í þágu iðnaðar hætt að fullu í október 1984. Á því ári var hafist handa um að breyta húsinu í íbúðarhús samkvæmt heimild frá 25. ágúst 1983. Samkvæmt því verður að telja rétt, að fasteignaskatti, álögðum á árinu 1985, beri að svara á grundvelli a-liðar 3. gr. laga nr. 73/1980.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Fasteignaskatti, af húseigninni nr. 119 við Hringbraut álögðum á árinu 1985, ber að svara á grundvelli a-liðar 3. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga.


Gaukur Jónsson


Pétur Stefánsson.


Andrés Svanbjörnsson